

Ljóðelsk, austfirsk bókaútgáfa í blóma

Einu minnsta útgáfufélagi landsins vex ásmegin



Ljóðsýn Magnús Stefánsson, formaður Félags ljóðaunnenda á Austurlandi, með Háóxlina við Fáskrúðsfjörð í baksýn. — Morgunblaðið/Steinunn Ásmundsdóttir

Félag ljóðaunnenda á Austurlandi er sjálfsagt eitthvert minnsta útgáfufélag landsins, en ótult og þekkt að vandvirkni og metnaði í útgáfu ljóðabóka sinna.

Félagið var stofnað 20. júlí 1996 og kosin stjórn sem hefur verið endurkosin á öllum aðalfundum síðan. Í henni sitja auk Magnúsar Stefánssonar formanns Guðjón Sveinsson og Aðalsteinn Aðalsteinsson. Í Félagi ljóðaunnenda á Austurlandi eru nú 110 félagar.

„Á stofnfundinum voru samþykktar starfsreglur og er tilgangur félagsins þar skilgreindur þannig að það skuli skapa ljóðaunnendum, skáldum og hagrýðingum á Austurlandi sameiginlegan vettvang til að vinna að hugðarefnum sínum og efla kynni sín á milli,“ segir Magnús. „Einnig átti að kynna sem flestar gerðir ljóðlistar á Austurlandi og stuðla að útgáfu austfirskra ljóða.“

1999 var útgáfuár fyrstu bókar félagsins, Radda að austan, þar sem 122 þálfandi höfundar birtu ljóð sín. Þá var hálf öld liðin frá því að ljóðasafnið Aldrei gleymist Austurland kom út, en það hafði að geyma ljóð eftir 73 austfirskra höfunda. Fljótlega tók félagið að gangast fyrir ýmsum viðburðum og þá einkum ljóðakvöldum, sem ævinlega hafa verið fjölsótt. Þeim hefur fækkað í seinni tíð, e.t.v. vegna þess að orkan hefur farið í útgáfustarfsemi. Á móti kemur að útgáfuteiti vegna bókana hafa jafnan verið vel sóttar menningarhátíðir. Félagið hefur haldið nokkur hagrýðingamót, enda ýmsir áhugamenn um lausavísnaverð innan vébanda þess. Jafnframt var haldið helgarnámskeið í ljóðagerð í umsjá Þórðar Helgasonar. Aðalstarfi félagsins hefur þó hin síðari ár verið bókaútgáfa.

Vandaðar bækur vekja athygli

Raddir að austan fengu ákaflega góð viðbrögð og segir Magnús að þegar bókin kom út hafi verið búið að afla 450 áskrifenda. Árið 2001 hóf félagið útgáfu bókaflokksins Austfirsk ljóðskáld. Fyrsta ljóðabókin í flokknum er eftir Sigurð Óskar Pálsson fræðapaul og heitir Austan um land. Sú hefur notið gríðarlegra vinsælda og var uppseld um mitt ár 2004. Frá því 2001 hefur komið út ein bók á ári í bókaflokknum.

Höfundur þessa árs í ritröðinni er Þorsteinn Bergsson, bóndi á Unaósi. Mun ritið bera nafnið Vébönd og er fyrsta bók höfundar.

Athygli hefur vakið hversu vönduð útgáfa Austfirska ljóðskálda er. Torfi Jónsson bókhönnuður hefur hannað bækurnar að ytra útliti. „Mér finnst skemmtilegra ef bók er aðlaðandi. Bók sem er ódýr í útgáfu og aðeins í kiljuformi getur raunar litið vel út. Kannski er þetta sérvíska að hafa bækur bundnar. Við höfum rætt upp á síðkastið að auka bókaútgáfuna og stendur til að gefa út viðbótarbók á þessu ári eða næsta. Hún verður óbundin en mun samt líta vel út. Verður þetta ljóðabók eftir Oddnýju Björgvinsdóttur.“

Auk Radda að austan og Austfirska ljóðskálda hefur félagið gefið út kvæðabókina Fljótsdalsgrund eftir Jörgen Kjerulf, höfuðskáld Fljótsdals. Magnús segir ljóðagerð lifa ágætu lífi á Austurlandi og nefnir t.d. skáldin Guðjón Sveinsson, Ingunni Snædal, Svein Snorra Sveinsson, Ásgrím Inga Arngrímsson og Sigurð Ingólfsson.

Fólkið sem tók þátt í námskeiði Þórðar hefur hist áfram á ljóðastundum. Bindur Magnús vonir við að einn helsti vaxtarbroddurinn í starfi félagsins liggja þar. Þá segir hann líklegt að haldið verði framhaldsnámskeið í ljóðagerð. Þá sé framtíð í bókaútgáfunni.

Flug yfir hversdagsleikann

„Á okkar tímum er einn og einn maður sem kaupir ljóðabækur, en hinn almenni lesandi er einatt á öðrum slóðum. Áður fyrr voru ljóð á hverju strái. Þegar grannt er skoðað hafa menn þó margir hverjir ánægju af ljóðum, jafnvel þó þeir kaupir ekki ljóðabækur. Staða ljóðsins á Íslandi er held ég ekkert verri en hún hefur verið. Menn í bókaútgáfu segja mér þó að algengt sé að ljóðabækur ungra höfunda seljist í á milli 100 og 200 eintökum, sem er ekki mikil sala þegar reyfararnir seljast í nokkrum þúsundum eintaka. Ég lít þannig á að við ljóðagerð eigi menn virkilega að leggja sig fram. Við sjáum oft bækur, ekki síst frá ungu fólki, þar sem ljóðin eru nánast eins og uppkast. Eitthvað sem gæti oft á tíðum orðið mjög gott ef legið væri yfir því. Meitla þarf orðfæri og ekki kasta til höndum. Það skilur ljóðið frá t.d. örsögu að það verður að komast á eitthvert flug yfir hversdagsleikann. Við þurfum að búa ljóðinu einhvern þann búning sem hrífur menn. Ljóðið er knappt og fáort og þarf að hrífa okkur á allt annan hátt en sagan.“ Magnús hefur lengi ort sér til gamans og glímt við ljóð löngum stundum, jafnvel svo árum skiptir. Hann segist þó ekki hafa hug á að gefa þau út.

Gefa úr öll verk Erlu

Félag ljóðaunnenda á Austurlandi undirbýr nú útgáfu stórvirkis; ritsafns skáldkonunnar Erlu, Guðfinnu Þorsteinsdóttur, sem lengst af bjó á Vopnafirði. Endurútgefa á það sem prentað hefur verið eftir Erlu, þ.e. þrjár ljóðabækur og tvær bækur með frásagnarpáttum; Völuskjóðu og Vogrek. Þá mun félagið jafnframt gefa út töluvert magn af óprentuðum ljóðum Erlu, lausavísum og frásögupáttum. Alls verða þetta fjögur til fimm bindi, um 1200 bls. í öskju. Íslenskufræðingurinn Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir er ritstjóri verksins og vinnur nú yfirgripsmikla ritgerð um höfundinn. Verkefnið er kostað af Erlusjóði, sem afkomendur Erlu stofnuðu fyrir mörgum árum til minningar um hana.